



Skýrsla um banaslys í umferðinni

Mál nr.: **2020-075U011**

Dagsetning: **23. júlí 2020**

Staðsetning: **Norðausturvegur**

Atvik: **Útafakstur**

Rannsókn samkvæmt lögum nr. 18/2013 skal eingöngu miða að því að leiða í ljós orsakir samgönguslysa og samgönguátvika, en ekki að skipta sök eða ábyrgð, með það að markmiði að draga úr hættu á sams konar slysum og atvikum og afleiðingum sambærilegra slysa. Skýrslum rannsóknarnefndar um rannsókn einstakra slysa og atvika skal ekki beitt sem sönnunargögnum í dómsmálum.

Samantekt

Ökumaður fólksbifreiðar ók ölvaður á ofsahraða norður Norðausturveg. Skammt sunnan við vegamótin að Hófaskarðsleið missti ökumaðurinn stjórn á bifreiðinni með þeim afleiðingum að bifreiðin fór út af veginum og valt. Ökumaðurinn, sem var einn í bifreiðinni, lést í slysinu.

Staðsetning



Helstu upplýsingar

Látinn:

41 árs karl

Veður og birta:

Hiti 6°C, hæg breytileg átt, skýjað og dálítill rigning með köflum

Vegur:

Bundið slitlag, blautt vegyfirborð. Hámarkshraði 90 km/klst
Meðaltalsumferð á sólarhring er 155 ökutæki

Tími sólarhrings:

Klukkan 22:50

Ökutæki:

Mitsubishi Outlander nýskráð árið 2017

Lýsing á slysi

Atvikalýsing

Að kvöldi 23. júlí 2020 var Mitsubishi Outlander fólksbifreið ekið á ofsahraða norður Norðausturveg. Rétt sunnan við vegamótin við Hófaskarðsleið missti ökumaðurinn stjórn á bifreiðinni í mjúkri vinstri beygju með þeim afleiðingum að bifreiðin fór út af veginum hægra megin og valt nokkrar veltur. Ökumaðurinn, sem var einn í bifreiðinni, var ekki spenntur í öryggisbelti og kastaðist hann út úr bifreiðinni. Hann lést af völdum áverka sem af slysinu hlutust.



Mynd 1: Mynd af slysavettvangi tekin í akstursátt bifreiðarinnar.

Engin vitni voru að slysinu en ökumaðurinn hafði skömmu fyrir slysið tekið á mikilli ferð fram úr annarri bifreið. Farþegi í þeirri bifreið tilkynnti glæfraakstur til lögreglunnar skömmu áður en bifreiðin sem hann var í kom að slysinu.

Áverkar

Ökumaður Mitsubishi Outlander fólksbifreiðarinnar var ekki spenntur í öryggisbelti og kastaðist hann út úr bifreiðinni í veltunni. Hann hlaut banvæna höfuðáverka og lést á slystað. Mikil aflögun varð inn í ökumannsrými bifreiðarinnar og hluti þaks hennar rifnaði af.

Ökutækið

Bifreiðin var af gerðinni Mitsubishi Outlander nýskráð 2017. Bifreiðin var skoðuð eftir slysið. Hún var útbúin hálfslitnum ónegldum vetrarhjólborðum. Ekkert kom fram í þeirri skoðun sem skýrir orsök slyssins.

Ökuhraði

Leyfður hámarkshraði á vettvangi er 90 km/klst við bestu aðstæður. Þaðan sem ummerki voru um að bifreiðin hafi fyrst farið með hjólin hægra megin út fyrir slitlag vegarins og að þeim stað þar sem hún stöðvaðist voru um 163 metrar. Á þeirri vegalengd valt bifreiðin samtals 71 metra. Hraðaútreikningur RNA byggði m.a. á upptöku úr bílamyndavél, sem í bifreiðinni var, bendir til þess að ökuhraði hennar hafi verið meiri en 160 km/klst rétt fyrir slysið.

Vegur og umhverfi

Á slysstað er vegurinn 7 metra breiður, auk 0,5 metra vegaxla sitt hvoru megin, með bundnu slitlagi og liggur í mjúkri vinstri beygju fyrir umferð á norðurleið. Ein akrein er fyrir hvora akstursátt, miðlína var óbrotin fyrir umferð í suður en hálfbrotin fyrir umferð í norður. Engar kantlínur voru á veginum. Veður var þungbúið og rigning. Vegyfirborðið var blautt.

Áfengis- og lyfjaprófanir

Niðurstaða áfengisrannsóknar á ökumanninum var jákvæð.

Orsakagreining

- Ökumaðurinn ók á ofsahraða og missti stjórn á bifreiðinni
- Ökumaðurinn var óhæfur til aksturs sökum ölvunar
- Ökumaðurinn var ekki spenntur í öryggisbelti og kastaðist út úr bifreiðinni

Ábending

Of hraður akstur og akstur undir áhrifum áfengis

Rannsóknarnefnd samgönguslysa hefur áður fjallað um hraðakstur og afleiðingar hans í skýrslum sínum. Of hraður akstur hefur verið ein af algengustu ástæðum banaslysa í umferðinni og ítrekar nefndin mikilvægi þess að ökumenn aki ekki hraðar en hámarkshraði og aðstæður leyfa hverju sinni.

Undanfarin ár hefur akstur undir áhrifum áfengis verið algeng orsök banaslysa í umferðinni. Eins og alþekkt er hafa vímuefni áhrif á dómgreind neytenda og skynjun umhverfis. Áfengismagn í blóði þarf ekki að vera mikið til að áhrifin skerði einbeitingu hins ölvaða, sjónsvið minnkar og fjarlægðarskyn versnar. Eftir því sem ölvun eykst, lengist viðbragðstími og hreyfistjórnun og rökvisi skerðast.

Rannsóknarnefnd samgönguslysa ítrekar fyrri ábendingar um akstur undir áhrifum áfengis. Að mati nefndarinnar er nauðsynlegt að koma þeim skilaboðum áfram á framfæri við ökumenn að þeir aki ekki undir neinum kringumstæðum eftir að hafa neytt áfengis.

Notkun öryggisbelta

Ökumaðurinn sem lést í slysinu var ekki spenntur í öryggisbelti. Kastaðist hann út úr bifreiðinni í veltunni og hlaut banvæna áverka. RNSA telur mikilvægt að brýna fyrir ökumönnum og farþegum að nota ávallt öryggisbelti, hvort sem verið er að fara styttri eða lengri leiðir. Vanhöld á notkun öryggisbelta eru ein af helstu orsökum banaslysa í umferðinni.



Skýrsluna samþykkja:

Geirþrúður Alfreðsdóttir
Ásdís J. Rafnar
Guðmundur Freyr Úlfarsson
Guðrún Nína Petersen

Fyrir hönd Rannsóknarnefndar samgönguslysa

Sævar Helgi Lárusson
Stjórnandi rannsóknar

Reykjavík 5. maí 2021
Rannsóknarnefnd samgönguslysa